



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1071
komudagur 19.2.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Tilvís: LHG/023/9.6/HH/sig
17. febrúar 2002.

**Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga
um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375. mál.**

Landhelgisgæslan gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. gr.- 2. gr. Rétt þykir að skilgreina hvað teljast vera viðurkennd heildarsamtök björgunarsveita. Spurningin er hvernig slík viðurkenning fæst og hvaða stjórnvald veitir hana.

4. gr. Í greininni er kveðið á um skyldu björgunarsveita til að hefja björgun, leit og gæslu ef eftir því er óskað af stjórnvaldi.

Landhelgisgæslan hefur átt gott samstarf við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu og hingað til hefur ekki valdið vandkvæðum að menn hafi veigrað sér við að sinna neyðarkalli. Samt sem áður vaknar sú spurning hver viðurlög ern við því ef skyldu skv. 1. mgr. 4. gr. er ekki sinnt.

Hafsteinn Hafsteinsson
forstjóri

